

Handrit fyrir flokksráðsfulltrúa á fjarfundi föstudaginn 28. ágúst. 2020

Klukkan 16.00 – klukkutíma fyrir fund - verður fundurinn opnaður fyrir skráða fulltrúa/gesti, sem vilja æfa tæknileg atriði til að tryggja að allir heyri og sjái það sem fram fer og getið tekið þátt í almennum stjórnmálaumræðum. (sjá leiðbeiningar um hvernig komast inn á fund.) Fundurinn er ekki á zoom sem margir hafa vanist, heldur á Webex fundaforriti sem á að henta fyrir stóra hópa. Áætlað er að um 100 manns sæki fundinn. Tækniþjónusta frá Sensa er með allan tímann.

Mikilvægt er að gestir á fjarfundi séu tilbúnir með tölvurnar sínar nýendurræstar tímanlega fyrir fundinn. Líka þarf að árétta að ekki er gott að tölvur tveggja virkra þátttakanda séu í sama herbergi, því þá bergmálar. Þær áhyggjur gilda þegar opin hljóðrás er inn á fundinn.

Bjarki Hjörleifs stjórnar æfingunni og Björg Eva tekur við fyrirspurnum, athugasemdum, neyðarköllum osfrv, á messenger, í tölvupósti, **beva@vg.is** eða síma **896-1222** og kemur þeim áfram til tæknistjórnar. Þetta gildir ekki aðeins á æfingunni, heldur allan tímann meðan fundur stendur.

Flokksráðsfundur hefst klukkan 17.00 með ræðu Guðmundar Inga Guðbrandssonar í ca korter og þar strax á eftir fylgir ræða Katrínar Jakobsdóttur líka í ca í korter. Að þessu loknu kemur tónlistaratriði, myndband og dagskrá frá Ísafirði, þar sem halda átti fundinn. Þessum atriðum er jafnframt öllum streymt á facebooksíðu VG og á vg.is.

(Almennir fundargestir eru hér virkir hlustendur en tala ekki sjálfir og sjást ekki í mynd)

18.00 - 18.10 Stutt hlé.

18.10 – 19.00. Formenn málefnahópa kynna vinnu hópa sinna. Fimm mínútur eru áætlaðar á hvern hóp, en þeir eru níu talsins (aðrir en hópstjórarnir sjást ekki í mynd undir þessum lið, en hægt er að bregðast við á spjallþræði (chat, sjá tæknivísi) og skrifa inn athugasemdir jafnóðum, sem verða teknar saman og komið til hópstjóra að fundi loknum).





Röð hópstjóra og hópa er:

18.10 Nýsköpun:

Bergþóra Benediktsdóttir og Jökull Sólberg Auðunsson

18.16 Byggðamál:

Guðný Hildur Magnúsdóttir og Kristján Ketill Stefánsson

18.22 Málefni útlendinga og innflytjenda:

Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Steinunn Þóra Árnadóttir

18.28 Sjávarútvegur:

Steingrímur J. Sigfússon og Ragnar Auðunn Árnason

18.34 Landbúnaður:

Orri Páll Jóhannsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

18.40 Jöfnuður:

Lilja Rafney Magnúsdóttir, Margrét Júlía Rafnsdóttir og Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir

18.46 Alþjóða- og utanríkismál:

Anna Þorsteinsdóttir og Stefán Pálsson

18.52 Loftslagsmál og líffræðilegur fjölbreytileiki:

Elva Hrönn Hjartardóttir og Kolbeinn Óttarsson Proppé

18.58 Mennta- og menningarmál:

Hólmfríður Árnadóttir og Þráinn Árni Baldvinsson





19.05 – 19.50. Matarhlé. Fjarfundurinn verður öllum opinn á þessum tíma og því geta þeir sem viljað spjallað saman óformlega, sést í mynd og opnað/lokað mute/ unmute á sig sjálfir. Aðrir víkja sér frá eða borða saman með tveggja metra reglu.

20.00 – 22.00 Almennar stjórnmálaumræður, sem hefjast á myndbandi með kynningu á málefnagreiningu Gallup. Þvínæst opnar mælendaskrá og biðja skal um orðið með því að rétta upp hönd í tölvunni. (*Raise hand er í neðra hægra horni í Participants flipanum, þar sem þú sérð sjálfa/sjálfan þig ásamt panellistanum (mælendaskrá) í neðra hægra horni gluggans má sjá mynd af flötum lófa, ef þú ýtir á lófann, kemur lófinn upp við hlið nafns þíns.) > sjá tæknivísi*

Takist það ekki tekur Björg Eva við boðum. Þeir sem tala sjást í mynd, þar til þeir hafa lokið máli sínu, en einnig sést mælendaskrá og skeiðklukka sem sýnir hvernig gengur á ræðutímann. Þegar tvær mínútur eru liðnar, verður fljótlega slökkt á aðgangi ræðumanns hafi hann ekki náð að ljúka máli sínu. Þá hverfur hann líka úr mynd og næsti ræðumaður birtist á skjánum. Klukkan 21.40 bregðast formaður og varaformaður við ræðum flokksráðsfundar í formannapallborði, sem sent er út úr listasafni Sigurjóns. (á meðan sjást aðrir fundargestir ekki í mynd.)

Fundarlok eru ca klukkan 22.00, en gert er ráð fyrir því að opna aftur á óformlegt spjall, í hálftíma að loknum fundi, þar sem allir sjást í mynd, að fá sér kaffi, eða annað og geta stýrt sjálfir hvenær heyrist í þeim. Áfram stýrir Bjarki umferðinni og Björg Eva tekur við skilaboðum. Um hálfellefu verður slökkt á öllu saman.

Almennar upplýsingar. Vinna í málefnahópum sem átti að vera á sjálfum fundinum fór fram í þessari viku og var opin öllum flokksráðsfulltrúum sem vildu. Gott er að hópstjórar málefnahópa fari vel yfir plön sín um framhaldið og bjóði flokksráðsfulltrúum upp á að koma athugasemdum og viðbótum til skila til hvers hóps.

Þennan fund geta allir tekið heima hjá sér, nema örfáir starfsmenn, auk formanns og varaformanns sem verða í pallborði á Laugarnestanga. Ályktanir verða ekki teknar fyrir, aðeins ein barst fyrir tilskilinn tíma og var henni frestað til fyrsta flokksráðsfundar á næsta ári, sem vonandi verður nærfundur.





Tæknivísir:

Svona kemstu inn á fundinn:

Þegar fundarboð hefur verið valið birtist þessi valmynd.

		Englis
Event status:	Started	Join Event Now
Date and time:	Wednesday, April 22, 2020 4:45 pm Greenwich Time (Reykjavik, GMT) <u>Change time zone</u>	To join this event, provide the following information.
Duration:	3 hours	First name:
Description:		Last name:
		Email address:
By joining this event, <u>Statement</u> .	you are accepting the Cisco Webex <u>Terms of Service</u> and <u>Privacy</u>	
		Join Now
		- Join by browser NEW!
		If you are the host, <u>start your event</u> .
		appropriate players to view UCF (Universal Communications Format) rich media

Þar slærð þú inn nafn og netfang og velur Join Now 🦯

Hafir þú ekki tengst inn á webex fjarfund áður býður vafrinn þér uppá að bæta Webex við

	Step 1 of 2: Add	Webex to Chrome	
	Follow this one-time process to	o join all Webex meetings quickly.	
	1 Add Webex to Chrome ▶ an extension? Run a temporary application to jc	2 Cisco Webex Extension Add to Chrome	
	Select Add Webex to Chrome.	Select Add to Chrome in the Chrome store.	
L ²	Add Webe	x to Chrome	
	Don't want to use an extension? Run a	temporary application to join this meeting.	

Þá opnast chrome web store þar sem þú velur bláa hnappinn, add to chrome.





Þá opnast chrome web store þar sem þú velur bláa hnappinn, add to chrome.

Home →	Extensions > Cisco Webex Extension	
0	Cisco Webex Extension Offered by: webex.com ★★★★★ 2,248 Social & Communication ≗ 10,000,000+ users	Add to Chrome

Við það sprettur fram gluggi þar sem þú velur Add extension.

	Add "Cisco Webex Extension"?	
	It can:	
k Ext	Read and change all your data on the websites that you visit	
	Communicate with cooperating native applications	
Ext	Add extension Cancel	

Hljóðstillingar:

Gott er að yfirfara hljóðstillingar áður en þú tengist inn á fundinn.

Það er gert með því að velja Settings í eftirfarandi valmynd. Við það opnast annar gluggi með valmöguleikum í felliglugga, þar getur þú valið Test á hátalara og hljóðnema.

Cisco Webex Events		() ×
	Vinnufundur	
	13:30 - 14:30	
	EM	
	Join Event	
	luse computer for audio ▼	Settings







Spjallið er svo aðgengilegt í virknihnöppunum inni í fjarfundinum.

Ef þú sérð enga virknihnappa þá getur þú sótt virknihnappana með því að velja View > Show or Hide Meeting Controls



Mynd:

Mismunandi birtingarmyndir eru í boði, ef þú hefur óvart valið einhvern möguleika sem þér líkar ekki við þá eru hér hnappar til að velja úr birtingarmyndum fundarins.

Q Cisco Webex Events Hide menu bar ∧			🦉 Connected • 📃 🗆 🗙
Eile Edit View Communicate Participant Ev	en <u>t</u> <u>H</u> elp		
٢	🕒 Eyjólfur Þór Guðmundsson (Host)	G → Chat	×

Floating view hnappur

Ef þú velur *floating view* verður Chat glugginn lítill og þú getur fært hann til, einnig verður participant glugginn lítill, ef þú ætlar að biðja um orðið þá þarftu að hafa hann opinn *(sjá raise hand)*.

Ef farið er upp í hægra horn skjámyndar verða táknin aftur aðgengileg







Samskipti við fundinn:

Fjórði hnappur frá vinstri hér er Chat hnappurinn (blaðran)



Opnast þá gluggi



Hægt er að velja hvern er sent á með því að velja örina við felligluggann.

Ef ekki er valið þá fara skilaboðin beint á fundarstjóra (host).

Mikilvægt er að velja Host sem viðtakanda

To:	Host	
-	Host	
En	Presenter	
	Host & Presenter	
> q	All Panelists	
	Eyjólfur Þór Guðmundsson	





AÐ BIÐJA UM ORÐIÐ - RAISE HAND

Þessi valmöguleiki er aðeins notaður í almennum stjórnmálaumræðum sem að hefjast klukkan 20:20

Inni í Participants flipanum sérð þú sjálfa/sjálfan þig ásamt panellistanum, í neðra hægra horni gluggans má sjá mynd af flötum lófa, ef þú ýtir á lófann, kemur lófinn upp við hlið nafns þíns.

Athugaðu ef þú ýtir aftur á lófann, þá hverfur lófinn frá þínu nafni, ýttu því einungis einu sinni á hnappinn svo fundarstjóri nái að skrá þig á mælendaskrá.

Hér má sjá hvernig lófinn birtist við hlið nafns þíns. _____

	✓ Participants	×
	Q Search	
	✓ Panelist: 1	
	EG O Eyjólfur Þór	
	✓ Attendee:	
	EM O Eva Matthíasdóttir	ø
	we	
Eur Matthé		540.5
Me	saottir	\$

Þegar röðin kemur að þér í ræðustól mun fundarstjóri gefa þér aukin réttindi, þá kemur svona gluggi upp á skjáinn hjá þér. Þá sérðu nafn þitt í Panellist flipanum.

You're the panelist now. If your audio is muted, unmute your audio to speak.	
ОК	









Til þess að kveikja á Videoi velur þú rauðu myndina af myndavélinni.

Fundarstjóri mun svo virkja hljóðnema hjá þér þegar röðin kemur að þér.

Hér eru svo auka myndir varðandi mute og unmute.

Hér má sjá mun, merki er rautt þegar mute er virkt en grátt þegar þú ert unmuted.



ATH í almennum stjórnmálaumræðum að miðað er við 2 mínútna ræðutíma. Þegar ræðu er lokið mun stjórnandi (e.host) færa viðkomandi aftur yfir í Attendee.

